



## Húsakönnun - Miðhafnarsvæðið á Húsavík

Hafnarstétt og Garðarsbraut



Húsakönnun  
Miðhafnarsvæðið Húsavík - Hafnarstétt og Garðarsbraut

Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ  
Húsavík 2012



Kort 1: Húsavíkurhöfn - afmörkun svæðis

Unnið að beiðni Skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings vegna deiliskipulagsvinnu á miðhafnarsvæðinu.

Nýjar ljósmyndir og kort: Hafþór Hreiðarsson og Arnhildur Pálmadóttir. Kort eru byggð á kortagrunni Norðurþings.

Gamlar ljósmyndir og kort eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga - Safnahúsið á Húsavík.

Ábyrgðarmaður: Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ

© Norðurþing – Safnahúsið á Húsavík - Arnhildur Pálmadóttir arkitekt FAÍ

Mynd á forsíðu: Yfirlitsmynd miðhafnarsvæðið - 2010 - Ljósmyndari: Hafþór Hreiðarsson

Húsavík 2012

Öll réttindi áskilin

# Efnisyfirlit

## 1. Húsakönnun

Formáli.....	6
Saga hafnarinnar á Húsavík í stuttu máli.....	7
Byggingarsaga miðhafnarsvæðisins.....	10
Horfin hús.....	12
Húsverndarkort - Miðhafnarsvæðið á Húsavík.....	15


## 2. Húsaskrá

Skráning einstakra húsa á miðhafnarsvæðinu.....	17
Heimildaskrá.....	54
Myndaskrá.....	55

## 1. Húsakönnun



## Saga hafnarinnar á Húsavík í stuttu máli.



Húsavíkurhöfn árið 1747 - Höfundur ókunnugur. Skönnuð mynd úr safni Safnahússins á Húsavík (E-1155-5)

Frá náttúrunnar hendi var höfnin á Húsavík með erfiðari höfnum landsins, hún var opin fyrir vestanátt og einnig þurfti talsverðan útbúnað til að skip gætu legið við höfnina. Fram til 1614 voru siglingar til Húsavíkur stoppar en eftir að einokunarverslun hófst árið 1602 jukust siglingar og hefur Húsavík verið fastur verslunarstaður síðan. Á 16. öld var þingeyski brennisteinninn eftirsóttur til þúdurgerðar í Evrópu en brennisteinn fannst aðallega í jörðu á tveimur stöðum í Evrópu, á Íslandi og á Sikiley. Húsavík var ásamt Akureyri helsta útflutningshöfn hans.<sup>3</sup> Útflutningurinn stóð þar til í kringum aldamótin 1600 en þá er brennisteinn horfinn af listum yfir útfluttar vörur. Landsnefndin fyrri (1770-71) lét vinna ýmsar athuganir á atvinnulífi Íslands, til eflingar landsins. Einn af þeim sem sendur var til rannsókna var Ólafur Ólafsson, Olavius. Honum var ætlað að rannsaka atvinnuhætti þó sérstaklega það sem tengdist sjósókn og koma með tillögur að endurbótum. Olavius kom til Húsavíkur árið 1776 með kaupskipinu Söndeborg. Hann ritaði bók um ferðir sínar og nefnir þar Húsavík og aðstæður þar. Úr Sögu Húsavíkur bindi I:

*“Olavius ritaði bók um ferðir sínar fer þar nokkrum orðum um Húsavík og aðstæður þar. Hann telur ekki ástæðu til að róma Húsavíkurhöfn fyrir gæði. Hún sé opin og þurfi skipið að liggja við a.m.k. þrjár sterkar festar sem þó þurfi að vera slakar. Þá þurfti að hafa um fjörutíu og fjórar þéttar tunnur til að halda festnunum á floti vegna eggjagrjóts á botninum. Venjulega fari vika eða í það minnsta fimmdagar í að leggja skipum þarna við akkeri. Hann segir að sker eða tangi úr austurhlið hafnarmynnins hlífi að vísu höfninni en tálmi mjög siglingum, einkum út úr henni.*

3) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi II* bls. 45

*Því neyðist menn til að skera á akkerisfestingarnar, stundum á hverju ári eða annað hvert ár. Til úrbóta telur hann rétt að hafa þungt akkeri, 8-9 skipfund, og við það járnslegið dufl eða tunnu sem væri fest með sterkri keðju. Frá þessu dufli væri hægt að sigla þegar búið væri að létta skipsakkerunum en láta það eftir og gæti það verið óhreyft nema ef hafís kæmi en þá þyrfti að bjarga því á land. Hann telur illt fyrir ókunnuga skipstjóra að finna Húsavíkurhöfn án hafnsögumanns. Dýpi segir hann 7-10 faðma, en uppskipunarsvæðið sé ekki af besta tagi. Þar gæti sjávarfalla mjög og sé brattur bakki upp frá fjörunni svo að draga verði vörurnar þangað með hestafli.*<sup>4</sup>

Fyrsta örugga heimildin um bryggju á Húsavík er árið 1881 þegar hið nýstofnaða Kaupfélag Þingeyinga þurfti að semja við verslunarfélag Örum & Wulff (seinna Guðjohnsen) um afnot af bryggju þeirra vegna flutninga félagsins.<sup>5</sup> Til eru eldri heimildir þar sem minnst er á búkkabryggjur og lausabryggjur, meðal annars í texta Olavíusar, auk teikningar frá 1836 (sjá neðst á síðu). Kaupfélag Þingeyinga byggði sína eigin bryggju á árunum 1911-1913. Árið 1925 var aðstaða á hafnarvæðinu bætt töluvert með uppfyllingu og ráðningu umsjónarmanns yfir svæðinu. Í tengslum við aukin umsvif í útgerð varð ljóst að stærri bátar og skip gátu ekki lagst að bryggjum hafnarinnar og þótti þetta hamla framþróun í útgerð. Árið 1930 var ákveðið að hefja framkvæmdir við nýja hafskipabryggju.<sup>6</sup> Í október 1934 skall á óveður sem eyðilagði báta og bryggjur bæði Guðjohnsensverslunarinnar og Kaupfélagsins en hin nýja bryggja sem var þá í byggingu laskaðist töluvert og brjóstvörn hennar skemmdist.<sup>7</sup>



*Ljósmynd af teikningu. Húsavík árið 1836. Búðargil. Höfðanef t.h. seglskip á víkinni. Lausabryggja notuð á sumrin. Krani t.h. sem auðveldaði mönnum að draga vörur upp bakkann. Kvarnhús t.v.*  
*Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

- 4) Karl Kristjánsson - *Saga Húsavíkur bindi I bls. 41*
- 5) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi II bls. 48*
- 6) Þór Indriðason - *Fyrir neðan Bakka og ofan - bindi I bls. 311*
- 7) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi II bls. 72*



*Hafin smíði hafskipabryggju. Vinstra megin er trépallabryggja á körum, eign Guðjohnsens. Tannhjólavinda dró vagna eftir járnspori frá bryggju og upp á sjávarbakkann. Ljósmynd tekin 1934.*



*Ljósmynd tekin 1934, þar sem sjór brýtur á bryggju K.Þ. Til hægri sést í Fiskhús K.Þ. seinna kallað Saltvík. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

## Byggingarsaga miðhafnarsvæðisins.



Miðhafnarsvæðið séð frá bakknum árið 2009 - Ljósmyndari: Hafþór Hreiðarsson

### Staðsetning:

Sérstaða bryggjussvæðisins á Húsavík er form þess og lega í landslaginu, en það liggur rúmlega heilli húshæð neðar en miðbærinn. Eins og kemur fram í sögulegum heimildum hefur höfnin verið erfið viðureignar en með bættri aðstöðu hafði hún mikið að segja um þróun og búsetu á Húsavík.

### Húsagerð og aldur:

Verslun og þróun hennar hafði mikil áhrif á uppbyggingu svæðisins auk sjávarútgerðar. Fram til ársins 1900 hafði mesta uppbyggingin átt sér stað á svæðinu í kringum verslun Ørum og Wulff við Búðarárgil. Eina bryggja Húsavíkur var einnig staðsett við Búðarárgil í tengslum við verslunarhúsin en notast var við járnbraut til að flytja vörur upp á bakkann.<sup>8</sup>

Þegar Kaupfélag Þingeyinga kom til sögunnar rétt fyrir aldamótin 1900 færðist hinsvegar þungi uppbyggingar yfir á svæðið við Naustagil þar sem reistar voru margar byggingar næstu árin, af ýmsum aðilum, fyrst uppi á bakkabrúninni en síðar í tengslum við sjávarútveg og slátrun niðri á hafnarstéttinni.<sup>9</sup> Þó nokkur þeirra húsa eru horfin í dag en eftir standa 5 reisuleg hús sem hefur verið vel haldið við síðustu árin og setja mikinn svip á miðbæ Húsavíkur og hafnarsvæðið. Auk þess að hafa verið hluti af uppbyggingu Kaupfélags Þingeyinga eru húsin einnig hluti af atvinnusögu Húsavíkur og nágrennis. Síldarverksmiðjan er einnig sterklega tengd atvinnusögu bæjarins og bygging hússins tengist framþróun í útgerð og vinnslu.

8) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi II bls. 48*

9) Karl Kristjánsson - *Saga Húsavíkur bindi I bls. 291 (Ljósmynd)*

### *Sérkenni:*

Svæðisbundið sérkenni miðhafnarsvæðisins í gegnum síðustu 100 ár hefur verið fjöldi skúrbygginga sem byggðar hafa verið eftir þörfum og í takt við breytingar og þróun atvinnulífsins, oft þétt upp við eða í tengslum við stærri byggingar en oftast án skipulags.<sup>10</sup> Þessar litlu byggingar aðlagast auðveldlega nýrri starfsemi og hafa því oft breyst frá sviðaskúrum í beitningaskúra og veiðarfærageymslur. Í dag eru einu áþreifanlegu dæmin um hinar gömlu skúraþyrpingar þrjú sjóhús sem standa þétt saman á stéttinni. Tvö húsanna voru staðsett annarsstaðar á hafnarstéttinni áður en þau voru færð þangað sem þau standa í dag og hið þriðja var viðbygging við hús sem nú hefur verið fært. Húsin hafa verið notuð sem veiðarfærageymslur og vinnuskúrar fyrir sjómenn. Í dag eru húsin nýtt fyrir sjósækna ferðaþjónustu. Húsin hafa ekki byggingarlistasögulegt gildi en færa má rök fyrir því að þau hafi bæði menningarsöguleg og umhverfislegt gildi þar sem þau eru táknræn fyrir hefð sem setti svip sinn á miðhafnarsvæðið fram til dagsins í dag.



*Myndir teknar á níunda áratugnum sem sýna skúraþyrpingar á hafnarstéttinni og rýmin sem myndast í kringum þær. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga. Ljósmyndari óþekktur.*

10) *Ljósmyndir úr Ljósmyndasafni Þingeyinga - Safnahúsinu á Húsavík*

## Horfin hús



Kort 3: Miðhafnarsvæðið - Núverandi hús eru fyllt með gráum lit, horfin hús eru sýnd með brotalínu. Ljósbrúnir reitir eru hús sem hafa verið flutt annað.

1. Saltfiskverkunarhús A&P. Kristjánssonar kaupmanns byggt 1926. Naustagilslækurinn rann í gegnum húsið. Kaupfélag Þingeyinga keypti húsið árið 1941 og notaði undir gæruvinnslu. Húsið stóð þar til árið 1985 u.þ.b.
2. Efri-Fjalar (1900-1905) Timburgeymsluhús. Húsið hósti leikhús bæjarins uppúr aldamótum og fram til 1920.
3. Sláturhús K.Þ (1907). Talið fyrsta sláturhús á Íslandi sem byggt var sérstaklega fyrir þá starfsemi.
4. Neðri-Fjalar (1900-1905) Hét áður Fjalar en þar sem nýtt hús var byggt ofar var það skýrt efri-Fjalar og festist þá nafnið neðri-Fjalar við þetta hús. Húsið var notað sem timburverkstæði með vatnsknúnum vélum. Lækur rann í gegnum húsið.
5. Bjarg (1896) Íbúðarhús. Skrifstofur Kaupfélags Þingeyinga voru í húsinu á árunum 1911-1915.
6. Viðbygging og skúrar við Pakkhúsið.
7. Skúrbyggingar við Fiskhús K.Þ, seinna Saltvík og nú Langaneshús. Þessir skúrar voru notaðir sem sviðaskúrar og fleira framundir árið 2000.
8. Fiskverkunarhús Borgarhólsbræðra.
9. Hér stóð hús sem nú er staðsett í Reykjahverfi. Húsið stóð við hafnarstétt í nokkurn tíma en áður hafði það staðið í Flatey. Þangað hafði það komið tilsníðið frá Noregi og var sett upp eftir númeramerkingum.
10. Sjóhús, stóð fram á 9. áratuginn.
11. Hótel Húsavík, húsið var rífið eftir bruna árið 1970
12. Húsið "Klemma" - Verslunarhús Kristins Jónssonar
13. Íshúsið byggt 1890.
14. Njálsbúð, húsið er kennt við mótorbátinn Njál TH 77.

15. *Gamli Baukur var byggður árið 1843 sem sýslumannssetur en varð seinna vertshús sem stóð við Búðarargil. Hann var síðar fluttur niður á hafnarstétt þar sem húsið var nýtt sem sjóhús og veiðarfærageymsla þangað til það eyðilagðist í bruna árið 1960.*
16. *Þessi skúr var fluttur til á hafnarsvæðinu og stendur nú ásamt tveimur öðrum skúrum norðar á stéttinni. (sjá punkt 10).*
17. *Braggi sem byggður var á stríðsárunum af Bretum, stóð til að minnsta kosti ársins 1950. Hann var nýttur í tengslum við útgerð eftir stríð.*
18. *Bryggja Kaupfélags Þingeyinga byggð á árunum 1911-1913. Í október 1934 varð aftakabrim í höfninni á Húsavík og laskaðist bryggjan mjög mikið.*
19. *Bryggja Örum & Wulff (seinna Guðjohnsens). Hún eyðilagðist í fyrrnefndu brimi árið 1934.*
20. *Húsið Garðarshólmi byggt 1880, faktorshús Þórðar Guðjohnsens, Hótel og síðast Gagnfræðaskóli Húsavíkur. Húsið var flutt á níunda áratugnum, og stendur nú við Stóragarð á Húsavík. Hönnuður Garðarshólma var Fredrik Anton Bald sem var yfirmsiður Alþingishússins auk annara merkra bygginga. Einnig hannaði hann margar byggingar um allt land.*
21. *Pakkhús Guðjohnsens verslunarinnar. Húsið var flutt á níunda áratugnum og stendur nú við Kaldbak, sunnan við bæinn.*
22. *Nokkur hús stóðu á verslunarsvæði Örum & Wulff/Guðjohnsens.*
23. *Að minnsta kosti fjórir beitningaskúrar stóðu í og við Búðarargilið.*
24. *Nyrsti skúrinn í þyrpingu þriggja sjóhúsa á hafnarstétt stóð áður á þessum stað.*
25. *Frystihús (steinhús) byggt árið 1926 af Ís- og frystihúsfélag Húsavíkur<sup>11</sup>*



*Nokkrir af þeim skúrum sem stóðu á hafnarstéttinni en eru nú horfnir. Ljósmynd tekin á 9. áratugnum. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

11) Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I



Húsavík fyrir aldamótin 1900. Myndin tekin utan af Beinabakka. Húsin á bakkanum frá vinstri: Bærinn Naust, Jaðar (1883-1885), Pakkhús (1886), Íshúsið (1896), Faktorshús (1880), verslunarhús Örum & Wulff (að hluta til frá því um 1800 en þau brundu aðfararnótt 26. nóv. 1902). Ljósmyndari Eiríkur Þorbergsson.

Fram að þessu hafði bærinn byggst upp í kringum verslunarhúsnæði Örum & Wulff við Búðarárgil en uppúr aldamótum færðist þungi uppbyggingar yfir á Naustagilsreitinn í tengslum við aukin umsvif Kaupfélagsins.




Séð upp Naustagil á Húsavík. Fiskverkunarhús Páls Kristjánssonar kaupmanns næst t.h. Til vinstri eru línuskúrar. Ofar frá vinstri: Hliðskjálfr, Móberg, Pálshús, Formannshús. Ljósmyndari: Víkurblaðið. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.


## Húsverndarkort - Miðhafnarsvæðið á Húsavík



Kort 4: Húsverndarkort

 - Einstök hús, húsaræðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og/eða umhverfislegrar sérstöðu þeirra.

- Á við um:
1. Formannshús
  2. Jaðar - Söludeild - Pakkhús
  3. Sláturhúsið/Hvalasafnið
  4. Saltvík/Langaneshúsið
  5. 3 sjóhús
  6. Skuld
  7. Garðarsbraut 12 (Skóbúðin)
  8. Síldarverksmiðjan

 - Samstæður húsa og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegra sérstöðu þeirra.

- Á við um: Hafnarstétt frá Sláturhúsi/Hvalasafni að Helguskúr, svæðið á bakvið þá húsaröð, verbúðirnar og svæðið við Skuld.

“Plássíð”, torg fyrir framan fyrrverandi verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga.

## 2. Húsaskrá

## Formannshús

Garðarsbraut 2

Byggingarár:	1898
Fyrsti eigandi:	Steingrímur Jónsson sýslumaður og Guðný Jónsdóttir
Hönnuður:	Yfirmsiður Eiríkur Þorbergsson
Aðal byggingarefni:	Timbur
Breytingar:	1954 - Bílskúr 1996 - Endurinnrétting-Breytingar á gluggum Hönnuður: Bjarni Reykjalin arkitekt



### Ágrip úr sögu hússins.

Hjónin Guðný Jónsdóttir og Steingrímur Jónsson sýslumaður byggðu húsið og bjuggu í því þangað til árið 1920 þegar þau fluttust til Akureyrar. Húsið var byggt á Naustalóð en það var flutt inn tilhöggvið frá Noregi. Yfirmsiður var Eiríkur Þorbergsson,<sup>12</sup> en Jón Pálsson frá Tröllakoti kom einnig að byggingu hússins. Kaupfélag Þingeyinga keypti húsið ásamt túnlóðum, fjósi, hesthúsi og girðingum af Steingrími árið 1920 á 35.000 kr. Var þetta liður í að stækka athafnasvæði félagsins til norðurs.<sup>13</sup> Þrjú kaupfélagsstjórar Kaupfélags Þingeyinga bjuggu í húsinu frá árinu 1921-1959 og var húsið þá nefnt Formannshús. Fyrst voru það hjónin Unnur Benediktsdóttir (Hulda skáldkona) og Sigurður Bjarklind, kaupfélagsstjóri en þau bjuggu þar frá 1921 til ársins 1935 er þau fluttust til Reykjavíkur. Kristbjörg Sveinsdóttir og Þórhallur Sigtryggsson, kaupfélagsstjóri bjuggu í húsinu frá árinu 1937-1953 og hjónin Hjördís Tryggvadóttir og Finnur Kristjánsson, kaupfélagsstjóri frá 1953 til 1959. Eftir það voru íbúðir í húsinu leigðar út, meðal annars til starfsmanna Kaupfélags Þingeyinga og starfsmanna Húsavíkurbæjar. Húsið var bæjarstjórabústaður um tíma þegar þar bjó Áskell Einarsson bæjarstjóri.<sup>14</sup> Þorgeir Björn Hlöðversson og Sigríður Jónsdóttir keyptu húsið af Kaupfélagi Þingeyinga árið 1995. Voru þá gerðar breytingar á því en fram að þessu höfðu hæðirnar þrjár verið aðskildar. Húsið var endurinnréttað og sameinað í eina íbúð með nýjum stiga. Aðalinngangur hússins var færður frá suðurhlið yfir á austurhlið þar sem áður hafði verið kista og svo bislag með aðgengi niður í kjallara.<sup>15</sup>

12) Sigurjón Jóhannesson - samtal - byggt á bréfum í hans vörslu.

13) Andrés Kristjánsson - Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 332

14) Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls. 120

14) Þorgeir Björn Hlöðversson - samtal

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

Eitt af elstu húsunum á Húsavík sem enn stendur og er fallegur fulltrúi síns tíma.

### *Menningarsögulegt gildi:*

Húsið er hluti af sögu Kaupfélags Þingeyinga þar sem m.a. þrír af kaupfélagsstjórum þess bjuggu í húsinu auk annarra starfsmanna.

### *Umhverfisgildi:*

Stendur inndregið, stakt á stórri lóð í miðbæ Húsavíkur

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls.15)



70 ára afmælishátíð K.Þ. haldin á Húsavík sumarið 1952. Glímt á palli fyrir framan Formannshús.  
Ljósmyndari Eðvarð Sigurgeirsson.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.



Ljósmynd tekin rétt fyrir 1940 - Þarna sést "Plássíð" torg fyrir framan Jaðar og Söludeild. Fyrir miðri mynd er Hótel Húsavík sem brann árið 1970 og var rífið í kjölfarið. Lengst til vinstri er verslunarhús Kristins Jónssonar - Klemma. Til hægri er Bókaverslun Þórarins Stefánssonar. Í bakgrunni sjást Hallandi, Móberg og húsin við Höfðaveg.



Frá vinstri: Jaðar, Söludeild K.Þ. og Pakkhús. Í bakgrunni er verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga. Ljósmynd tekin í kringum árið 1999 áður en vinna við endurbætur á húsunum hófst. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

## Jaðar

Garðarsbraut 6

Byggingarár:	1883
Fyrsti eigandi:	Jakob Hálfðánarson
Hönnuður/smiður:	Forsmiður Jón Pálsson
Aðal byggingarefni:	Timbur
Breytingar:	1933 - Endurinnrétting 1998 - Endurbætur Hönnuður: Finnur Birgisson arkitekt



### Ágrip úr sögu hússins:

Árið 1881 þegar saga Kaupfélags Þingeyinga var að hefjast fór Jakob Hálfðánarson til prestsins á Húsavík, sem þá var Kjartan Einarsson, en hann réði yfir byggingarlóðum á Húsavík á þeim tíma. Jakob fékk til leigu hjá honum lóð sunnan Naustalóðar en hún var kölluð Jaðarslóð. Síðar þegar hann ætlaði að sækja um stærri skika af lóðinni hafði Þórður Guðjohnsen forstjóri Ørum og Wulff verslunarinnar fengið loforð fyrir allri bakkalóðinni sem náði frá þáverandi verslun Ørum og Wulff (núverandi Öskjureit) og að suðurmörkum Jaðarslóðarinnar. Það kom aldrei til þess að Ørum og Wulff þyrfti afnot af lóðinni.<sup>16</sup>

Á lóðinni sem Jakob fékk fyrir sig og Kaupfélagið hafði staðið lítill timburskúr, 4x6 álnir að gólfstærð. Skúrin var reistur af enskum laxkaupmönnum sem svefnstaður fyrir sumarið og höfðu þeir haft aðstöðu þar í nokkur ár. Einnig höfðu þeir látið grafa gryfju inn í bakka sem notuð var sem ísgeymsla. Þegar mennirnir hættu að koma höfðu þeir látið Sigurjón á Laxamýri hafa eignirnar og seldi hann Jakobi þær fyrir 50 kr.

Skúrin var mjög gisinn en gerðar voru smávægilegar endurbætur á honum til að hann nýttist sem vöruheymsla ef einhverjar vörur kæmu til félagsins. Ísgeymslan hafði verið undir þaki en var nú þaklaus. Til þess að geta nýtt hana sem geymslu var strengdur segldúkur yfir og í kringum geymsluna og gerð tjaldgöng milli geymslunar og skúrsins svo hægt væri að ganga þar á milli.

Snemma árið 1882 var pantaður viður til húsagerðar en ákveðið hafði verið að byggja hús á Jaðarslóðinni. Timburflutningaskipið sem kom frá Noregi lenti í ís norður af Tjörnesi og höfðu skipverjar yfirgefið það austur við Sléttu. Farminum var bjargað á land við Knarrarbrekku.

16) Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls. 280 - Kafli um Sögu Kaupfélags Þingeyinga

Farmurinn var að mestu leyti tilhöggvið 24 álna hús sem reisa átti við Eyjafjörð í tengslum við síldarútveg. Keypti Jakob stóran hluta farmsins á uppboði, eða við sem nægði til að reisa 17 álna langt og 11-12 álna breitt hús. Hinn hluti farmsins fór til Jóns Pálssonar sem var yfirsmiður við byggingu nýs prestsseturs á Húsavík, en gamli prestsetursbærinn hafði verið rifinn og ætlunin að reisa nýjan. Tafir urðu á flutningi viðarins vegna óveðurs og ísreks.

Jakob var ákveðinn í að koma upp húsi fyrir kaupfélagið og sjálfan sig á Húsavík úr uppboðsviðnum sem beið flutnings frá Knarrarbrekku. Jakob var hugmyndafræðingurinn á bak við þetta fyrsta hús Kaupfélags Þingeyinga á Húsavík. Sá hann fyrir sér að hafa kjallara undir húsinu með steinvegg að framan til að nýta sér landslagið. Fékk hann til liðs við sig Sigurð Guðmundsson sem í Presthvammi og Sigurbjörn Sigurðsson frá Hólum í Laxárdal en þeir voru vanir vinnu við steinhleðslu. Sigurbjörn hafði meðal annars unnið við að höggva til og líma steinhleðslu í sæluhúsinu við Jökulsá á Fjöllum. Jakob og Sigurður lögðu svo fyrsta steininn undir norðvesturhorni Jaðarskjallara 23. apríl 1883.<sup>17</sup>

*Bein tilvitnun í Jakob sem skrifar í endurminningum sínum:*

*Jakob segir í minningum sínum: “Þessir aðalverkstjórar að steinveggnum að vestan, sá fyrrnefndi norðan dyra, en hinn sunnan dyra, og svo kjallarahleðslunni inni allt um kring frá sama grunni. Þessi vesturveggur, sem var vel vandaður, mun lengi standa og óska eg þeim meisturum, er nefndir hafa verið hér, að nöfn þeirra mættu fylgja og ekki gleymast.*

*Grjótið til þessa alls var nægilegt, aðflutt áður, sumt landleið sunnan af melum og mun faðmur af því heim kominn hafa kostað 24 krónur. Sumt var sótt sjóveg suður eða norður í fjörur. Þetta var að ráði og framkvæmd Einars Jónssonar í Vilpu, hagsýns, duglegs og vinsæls útvegsbónda. Grjótið, sem þann veg var fengið, kostaði í fjörunni við hússtæðið kr. 12,00 faðmurinn. Glögg eru mér í minni börnin, sem hópuðu sig að mér og buðust til að bera að mól og smágjót, sem brúkað var til að þetta hleðslu. Ég lét nokkur börn fá þessa vinnu og borgaði þeim jafnóðum í aurum. En misjafnt var úthald fyrir þeim. Var líka ekki laust við að sumir aðstandendur litu svo á að óþarft væri að líða mér að niðast þannig á smælingjunum. Fyrir þetta þótti mér svo vænt um tvær smámeyjar, sem skildu sig frá og héldu áfram meðan nokkuð var að gera. Þaðan af varð mér og er enn svo hlý minning þeirra, að ég finn mér hlúða að setja hér nöfn þeirra sem þakkarauglýsing mína. Nöfnin eru: Frú Kirstín Blöndal, nú (1914) á Eyrarbakka, (dóttir Þórðar Guðjohnsens verslunarstjóra f. 1872) Og Mrs. Hildur Sigtryggsdóttir, Winnipeg (föðursystir Þórhalls Sigtryggssonar seinna kaupfélagsstjóra hjá K.P.)*

Uppboðsviðurinn kom loksins til Húsavíkur í kringum mánaðamótin júní-júlí 1883. Viðbótarviður sem uppá vantaði fyrir smíði hússins var pantaður hjá norskum trjáviðarkaupmanni sem kom til Húsavíkur.

*Jakob skrifar meira um framkvæmdirnar í endurminningum sínum:*

*“Nú var erfitt að fá smíði, “ segir Jakob í minningum sínum,”komið nærri slætti og menn búnir að ráða sig til heyvinnu, nema Jón Pálsson, Skaptfellingurinn tryggi, er tók nú til starfa hjá mér og hvarf ekki til annarar vinnu um sumarið.”*

*“Þessir þrír smiðir réðust hjá mér aðeins örfáa daga til þess aðeins að húsið yrði reist: Gunnlaugur Oddsson og bróðir hans Þorsteinn og Jón Eyjólfsson – síðar kenndur við Uppsali hér í bæ. – Þegar búíð var að reisa húsið, hurfu allir smiðirnir, nema Jón Pálsson. Þeir voru allir sveitamenn. Enginn trésmiður var þá til heimilis á Húsavík. Ekki leit út fyrir það enn að smíði hússins gengi svo áfram um sumarið, að nýtilegt gæti orðið til geymslu afhendingar um haustið. Meðan á grindasmíðinni stóð var ásigkomulag smiðanna ærið aðgæsluverð, þó að gæðasmíðir væru hinir bestu menn. Jón Pálsson hagaði sér á annan hátt, þó mest færi orð af honum fyrir ofdrykkju af öllum þeim, er hér unnu að.*

17) Andrés Kristjánsson - Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 115

Hann bragðaði ekki áfengi, þá er hann stóð við vinnuna, en er andinn inngaf honum að offra, þá hætti hann vinnu og gekk með góðri reglu frá áhöldum sínum. Jafnan mundi hann allt vel. Þegar svona stóð á lagðist hann oftast í rúm sitt með vínföng sín og lá þar, þangað til hann reis upp og sneri að hefilbekknum, svo heill sem ekkert hefði verið.”

Með Jóni Pálssyni í vinnu var smíðanemi hans, Jónas Jóhannesson, sem seinna varð byggingarmeistari í Winnipeg.

“Ekki man ég” – heldur J.H. áfram – “hvenær á áliðnu sumri mér varð ljóst að ákafur vatnsuppgangur náði sér fram í kjallarann og sté svo hátt sem aðhald leyfði. Við þessu varð að gera, því svo var nú komið tíma og verkum, að þarna var eina skýlið, sem í var að flýja með smávarning. Eg lét þá gera eða gerði sjálfur, ræsi lítið frá veggjum innan í kjallaranum og svo gegnum gólfið undir dyraþrepskjölinn og fram úr bakka. Þessi ræsi let eg öll repta og þekja, og varð þá gólfið umgengilegt, nokkurn veginn þurrt, enda varð nú að fara að nota húsrúmið. Kjallarinn varð nú aðalathvarfið. Þar setti eg upp kramskúffubekk og skjalapúlt, sem eg hafði hvorttveggja látið áður smíða, og komu nú að góðu liði. Hillur voru þar að auki.

Þarna var nú krambúð K.P. Þegar það var að verða tveggja ára, og þó að lágt væri enn undir loft og á rennandi gólfi, þá var ólíkt betra til aðstöðu nú heldur en fyrsta árið í vesælu kompunni, sem eg hef áður lýst, enda var nú þarna yfir að sjá reising hins nýja húss, ca. 16 álnir frá gólfi, vel á verði til að hlúa að voninni um skárri framtíð.

Eg man, að eg gat um haustið haft í húsinu innilæstar uppi og niðri allar vörur. En þó var sá illi annmarki, að ekki mátti treysta hinu nýja pappþaki til að verja vörurnar vatni, ef rigndi. Við húsleka varð eg að fást svo árum skipti. Gjörði þetta mér þungar áhyggjur og stundum erfiði. Eg varð oft að fara á fætur um miðjar nætur, fara um húsið, færa undan leka, breiða yfir, setja undir. En ekki löngu seinna fór þakjárn að koma til sögunnar. Það mun hafa verið sumarið 1885, að ég réðist í að kaupa flatt þakjárn á norðurrishlið hússins. Það lagði fyrir mig Gamaliel Einarsson, er fór til Vesturheims og ílentist í Chicago. Þetta var fyrsta járnþak, sem kom á hús hér í þorpinu.” Af því að járníð var ekki báðum megin var ekki allur leki þar með úr sögunni. Þó var þakið nú varið gegn höfuð illviðrátt staðarins. “Frá því að eg í fyrstu hugsaði um byggingu hússins hér (Jaðars) hafði eg ætlað að hafa það tvílypt á hæfilegum kjallara og með litlu risi” segir Jakob. “Rúmmálið ætti að nægja mér fyrir eigin íbúð með fjölskyldu. Svo og vörur kaupfélagsins – geymslu og afhendingu. Þessi fyrirætlun mín varð að engu, hvað byggingarlagið snerti, þegar eg var orðinn kaupandi að telgdu húsviðunum á Knarrarbrekku. Það hús var ákaflega hátt undir ris og krossreist. Eg braut mikið heilann um, hvernig eg ætti að láta mér nægja rúmmálið í þannig löguðu húsi og sýndist það ómögulegt. – Þegar búíð var að byggja kjallarann og ljóst var að hæð undir lopt hans miðað við jarðskorpu var óþarflega mikil eftir tísku, og að hluti af dýpt kjallarans (á aðra alin) bætt við stafhæð norska hússins, gat nægt fyrir tvær lyptingar, kom mér til hugar að nota þetta. Láta gólfið í sjálfu húsinu koma á bita, er greyptir væru í stafina nálægt brúklegru gluggahæð ofar grunni eða því, er undirlög annars skyldu vera, enn þau urðu nú að hverfa og um leið sá styrkur, sem grindin hafði af þeim. Að breyta nú þessu þannig þorði eg ekki, nema í samráði við smiðina. Þeir sáu ekkert athugavert eða nokkuð að óttast um framtíð hússins, þó að þannig væri breytt. En af því að þetta var óþekkt, þorði eg ekki annað en að láta undirlög sitja kyrr á fótstykki, og saga þau tré burtu um veturinn eftir. Það varð mikill óhagur að því, að eg tók ekki þetta í höfuðið fyrr en lokið var grunnbyggingu, og grjótið innan fótstykkiásætis var í óreglu, að því er inn í húsið vissi. Nú varð ég að ráða verkamenn af nýju til að fjarlægja moldina úr grunninum. Þá stóð eftir til mismunandi rúmspillis grjótið innan úr veggjunum. Við innansmíði varð að þilja þetta af með bekkjum, er voru rúmlega borðhæð og lágu þiljaðir undir brúnir með öllum veggjum í þessari viðbættu lyptingu, sem var og er að hálfu kjallari. Mismunandi breidd bar á bekkjum þessum eftir því hvers grjótið krafðist. Rúmspillirinn var óþægur og auðsær. Oft var spurt hvernig á þessum bekkjum stæði. Húsrúmið sem eg fékk með þessum hætti varð mér ómetanlegt í 20-30 ár. Í þessu húsi var öll íbúð fjölskyldu minnar í 12 ár og þar að auki sölustjórans Bjarna Bjarnasonar í 5 ár. Þegar innansmíði á

Þessari undirlyptingu var lokið, sem ekki mun hafa orðið fyrr en 1885, voru þar 8 herbergi, er nefndust:

1. Almennigur, fyrir aðaldyrum móti suðri, þar og líka niðurgangur í kjallarann.
2. Svefnherbergi hjóna. Það eitt fullgjört fyrir árslok 1883. Rifið niður 1914. Tilvera þess því orðið 30 ½ ár. Þetta herbergi var í suðvesturhorninu.
3. Stúlknaherbergi, fyrir miðjum vesturgafli.
4. Klæðakompa, í norðvesturhorni.
5. Matarbúr, móti norðri. Á milli þess og almennings var stórt gangop með hlera í gólfi og annað samskonar í lopti til þess að "hala" eftir þungavöru úr kjallara í geymslu uppi.
6. Eldhús, en það var á móti norðri.
7. Austurhús, í norðausturhorni
8. Austurstofa, mót suðri. Þangað dyr úr nr. 1

Undirlypting þessi, sem ég hefi svo nefnt, varir enn (1914) og þar geymdur trjáviður. Allar innréttingar til íbúðar hurfu nú í ár. En hið einkennilega útlit, svo sem gluggar í þili niður við grunn, getur varað lengi. Annað einkenni, sem eg nauðugur verð að sjá, er enn á suðurhlið vestan til, að smiðir settu efri glugga um það bil 3 þuml. Ofar en eg vildi, þegar búið var að reisa húsið.<sup>18</sup>

Í "Yfirlyptingunni" sem Jakob kallaði, fór fram afgreiðsla á öllum vörum félagsins. Birgðageymsla var á háalofiti. Húsið var notað undir ýmsa starfsemi Kaupfélagsins fram til ársins 2000 þegar Jaðar ásamt Söludeild K.P. og Pakkhúsi var selt til Setbergs ehf. sem hóf þá viðhaldsvinnu og var útlit hússins fært að miklu leyti í upprunalegt form. Í húsinu er nú veitingarekstur.

## Varðveislumat

### Byggingarlist:

Húsið er fallegur fulltrúi síns tíma og mikilvægt fyrir bæjarmynd Húsavíkur ásamt þeim húsum sem standa á sömu lóð. Húsið þykir gott dæmi um hreinræktaðan yngri dansk-íslenskan byggingarstíl.<sup>19</sup>

### Menningarsögulegt gildi:

Húsið tengist atvinnusögu Húsavíkur og er eitt af 5 húsum sem notuð voru undir starfsemi Kaupfélags Þingeyinga frá aldamótunum 1900 og enn standa.

### Umhverfisgildi:

Húsið stendur við aðalgötu bæjarins, Garðarsbraut og styður þar við götumyndina auk þess sem það myndar ásamt öðrum byggingum, torg sem hefur verið hluti af bæjarmynd Húsavíkur síðan húsið var byggt. Húsið er einnig hluti af þeirri þyrpingu fimm húsa sem Kaupfélag Þingeyinga notaði undir starfsemi sína og enn standa á sama reitnum.

### Niðurstaða varðveislumats:

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

18) Andrés Kristjánsson - Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 120

19) Hörður Ágústsson - Íslensk byggingararfleifi I - Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940 bls. 175

## Pakkhúsið

Garðarsbraut 6

<i>Byggingarár:</i>	1886
<i>Fyrsti eigandi:</i>	Jakob Hálfðánarson
<i>Hönnuður/smiður:</i>	Forsmiður Jón Pálsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur
<i>Breytingar:</i>	1998 - Endurbætur Hönnuður: Finnur Birgisson arkitekt



### Ágrip úr sögu hússins:

Árið 1886 var reist timburbygging með steinkjallara sem var höggvinn inn í bakkann sunnan við Jaðar. Húsið var notað sem vörugæymsluhús fyrir Kaupfélagið.

Húsið reisti Jakob Hálfðánarson fyrir eigin reikning þar sem mikil þörf var á geymslu fyrir vörur frá félagsmönnum. Til dæmis var þetta fyrsta árið sem félagið sendi út ull á eigin ábyrgð.

Það ýtti á framkvæmdina að árið 1885 kom trjáviðarsali frá Mandal í Noregi til Húsavíkur og bauð Jakobi leifar trjáviðarfarms sem hann átti í skipi sínu. Jakob fékk viðinn en gat ekki borgað hann fyrr en um haustið. Jakob reisti húsið næsta vor “svo hann hefði þó húsið að bjóða sem veð”<sup>20</sup>

Jón Pálsson var yfirsmiður hússins sem síðan var veðsett skuldareigandanum í Mandal.

Um þetta leyti voru deilur á Húsavíku um útsvarsgreiðslur Kaupfélagsins til hreppsins, en hreppurinn sagði félagið reka verslun í húsinu. Kaupfélagið vildi ekki staðfesta þann rökstuðning og vildi þess vegna ekki taka þátt í byggingu hússins. Þremur árum seinna, árið 1889 keypti félagið pakkhúsið af Jakobi. Við húsið voru reistar viðbyggingar. Sú sem stendur sunnanmegin á húsinu hefur verið kölluð Hagræði.

20) Andrés Kristjánsson - *Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 163*

Einnig var skúrbygging vestanmegin við húsið og á milli Jaðars og Pakkhússins, þessar viðbyggingar voru fjarlægðar á 10. áratugnum. Húsið var notað undir ýmsa starfsemi Kaupfélagsins fram til ársins 2000 þegar það var selt ásamt Söludeild K.Þ. og Jaðri til Setbergs ehf. sem hóf þá viðhaldsvinnu og var útlit hússins fært að miklu leyti í upprunalegt form. Í húsinu er nú veitingarekstur og verslun tengd ferðamennsku.

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

Húsið er fallegur fulltrúi síns tíma og mikilvægt fyrir bæjarmynd Húsavíkur ásamt þeim húsum sem standa á sömu lóð.

### *Menningarsögulegt gildi:*

Húsið tengist atvinnusögu Húsavíkur og er eitt af 5 húsum sem notuð voru undir starfsemi Kaupfélags Þingeyinga frá aldamótunum 1900 og enn standa.

### *Umhverfisgildi:*

Húsið stendur við aðalgötu bæjarins, Garðarsbraut og styður þar við götumyndina auk þess sem það myndar, ásamt öðrum byggingum, torg sem hefur verið hluti af bæjarmynd Húsavíkur síðan húsið var byggt. Húsið er einnig hluti af þeirri þyrpingu fimm húsa sem Kaupfélag Þingeyinga notaði undir starfsemi sína og enn standa á sama reitnum.

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

## Söludeild Kaupfélags Þingeyinga

Garðarsbraut 6

Byggingarár:	1902
Fyrsti eigandi:	Kaupfélag Þingeyinga
Hönnuður/smiður:	Eiríkur Þorbergsson yfirsmiður og Jón Baldvinsson nemi hans
Aðal byggingarefni:	Timbur
Breytingar:	1933 - Endurbygging 1933 - Gluggabreyting 2000 - Endurinnrétting og viðhald



### Ágrip úr sögu hússins:

Viðbygging við Jaðar var reist árið 1902 og átti hún að hýsa Söludeild félagsins. Töluvert var lagt í framhlið byggingarinnar og voru smiðir hennar þeir Eiríkur Þorbergsson, yfirsmiður og Jón Baldvinsson nemi hans. Húsið var brunabótatryggt fyrir 4500 kr. Þegar það var fullgert. Í kjallaranum undir húsinu voru geymdar vörur sem þoldu slíka geymslu en á loftinu viðkvæmari vörur eins og álnavara og smávara. Á norðurvegg hússins var komið fyrir dráttartaug á hjólblökk svo hægt væri að draga vörur upp að vindauga á loftinu. Á norðurvegg voru kjallaradyr til að taka þar inn vörur.

### Lýsing á verslunarrými Söludeildarinnar úr aldarsögu Kaupfélags Þingeyinga:

*“Á aðalhæð hússins var sölubúðin á óskiptu gólfrými og lúga var á gólfi niður í kjallarastiga. Búðarborð (diskur) í lagi sem hálfur ferningur var í miðju húsi, en gólfrými fyrir framan hann var ekki mjög mikið í öndverðu. Á þrem veggjum hússins voru vöruhillur frá gólfi til lofts og á þær raðað álnavöru, búsáhöldum, skóm, fatnaði, matvælum og ýmsum smávarningi. Einstaka hlutir voru hengdir í loft. Þess mun hafa kennt nokkuð, að þröngt yrði fyrir framan búðarborðið og viðskiptavinir gerðu sér oft tíðförluð inn fyrir það.” Fyrir framan bygginguna myndaðist aðal verslunartorg félagsins sem kallað var “Plássíð”.<sup>21</sup>*

Árið 1929 voru húsnæðismál aftur í umræðunni og á aðalfundi var ákveðið að gera breytingar á innréttingum og innra skipulagi Jaðars og Söludeildar. Voru ekki allir sammála um þetta og komu fram óskir um að kaupa Garðar sem þá var verslunarhúsnæði A. og P. Kristjánssona.

21) Andrés Kristjánsson - Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 337

Það var þó talið of dýrt, enda kreppa og ekki endilega þörf fyrir það. Stjórnin samþykkti að biðja Sveinbjörn Jónsson byggingarfræðing um að koma með tillögur að framtíðarbyggingum félagsins. Sveinbjörn lagði til í júlí 1931 “að byggja langt hús, um 30 metra” neðan vegar frá Söludeild norður að Efri-Fjalar með endaálmum fram á bakkanum en Söludeild og Jaðar stæðu”. Ekkert varð af þessum framkvæmdum en breytingar voru gerðar á Jaðri og Söludeild árin 1933-34. Á Jaðri var herbergjaskipan á aðalhæð gerð gagnlegri fyrir skrifstofur og biðstofa innréttuð fyrir gesti. Diskurinn í Söludeild var færður innar og þannig varð til svæði fyrir afgreiðslufólk milli hillna og borðs til að athafna sig og ná í vörur fyrir viðskiptavinina. En bann var lagt við því að viðskiptamenn færu inn fyrir afgreiðsluborðið.

*Fyrir miðjum vesturstafni hússins var sex þrepa stigi upp að dyrum inn á aðalhæð Jaðars þar sem skrifstofurnar voru. Þær dyr höfðu áður verið aðalútidyr Jaðars. Útidyr Söludeildar voru tvíbreiðar með skyggni og súlum og vissu í suður að torginu, en á vinstir hönd við þær er inn var gengið var stórt halllandi skrifpúlt í olnbogahæð girt lóðréttum rimlum sem náðu nær til lofts. Þar voru allar nótur skrifaðar. Í söludeild var allhátt til lofts og gluggum á suðurhlið beggja megin útidyra hafði verið breytt svo að þar var hægt að sýna söluvörur þegar tímar liðu fram. Á framhlið yfir dyrum var komið fyrir stórrí klukku sem taldi stundir og daga félagsins í áratugi.<sup>22</sup>*

Í kringum 1940 var farið að þrengja allverulega að verslunarrými í Söludeildinni, sérverslun eykst og talið er að sölubúðarrýmið væri orðið ófullnægjandi og stæði rekstri félagsins fyrir þrifum. Árið 1943 var verslun að mestu flutt í nýkeypt húsnæði hinum megin við götuna, í húsið Garðar, ásamt skrifstofum Kaupfélagsins en seinna var mest öll starfsemi hússins flutt í nýbyggingu Kaupfélagsins að Garðarsbraut 5.<sup>23</sup>

Húsið var notað undir ýmsa starfsemi Kaupfélagsins fram til ársins 2000 þegar Söludeild K.Þ. ásamt Jaðri og Pakkhúsinu var selt til Setbergs ehf. sem hóf þá viðhaldsvinnu og var útlit hússins fært að miklu leyti í upprunalegt form. Til dæmis voru gluggar á suðurhlið endurnýjaðir með sama útliti og upprunalegir gluggar áður en þeim var breytt í útstillingarglugga. Í húsinu er nú veitingarekstur.



Ljósmynd tekin um 1910 - Upphaflegir gluggar á neðri hæð Söludeildar en í þeim eru 63 rúður, hvorum fyrir sig. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

22) Andrés Kristjánsson - Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 338

23) Andrés Kristjánsson - Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882-1982 bls. 336

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

Húsið er fallegur fulltrúi síns tíma og mikilvægt fyrir bæjarmynd Húsavíkur ásamt þeim húsum sem standa á sömu lóð. Húsið er af lágrisaafbrigði íslenska sveitser stílsins, með einstöku skreyti. Söludeildin er með merkustu húsum sinnar tegundar á Íslandi.<sup>24</sup>

### *Menningarsögulegt gildi:*

Húsið tengist atvinnusögu Húsavíkur og er eitt af 5 húsum sem notuð voru undir starfsemi Kaupfélags Þingeyinga frá aldamótunum 1900 og enn standa.

### *Umhverfisgildi:*

Húsið stendur við aðalgötu bæjarins, Garðarsbraut og styður þar við götummyndina auk þess sem það myndar, ásamt öðrum byggingum, torg sem hefur verið hluti af bæjarmynd Húsavíkur síðan húsið var byggt. Húsið er einnig hluti af þeirri þyrpingu fimm húsa sem Kaupfélag Þingeyinga notaði undir starfsemi sína og enn standa á sama reitnum.

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)



Ljósmynd tekin um 1975 - Árið 1933 var Söludeildin endurinnréttuð í takt við nútíma verslunarhætti. Í tengslum við þær breytingar var gluggum á jarðhæð breytt svo þeir nýttust betur sem útstillingargluggar verslunarinnar. Við endurbætur árið 2000 voru gluggarnir færðir í upprunalegt form.

Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

24) Hörður Ágústsson - Íslensk byggingararfleifð I - Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940 bls. 175

## Skóbúðin/Bjarnabúð

Garðarsbraut 12

<i>Byggingarár:</i>	1907
<i>Fyrsti eigandi:</i>	Bjarni Benediktsson og Þórdís Ásgeirsdóttir
<i>Hönnuður:</i>	Yfirsmiður Páll Kristjánsson.
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur
<i>Breytingar:</i>	Frá upphafi hafa verið gerðar ýmsar breytingar á innréttingu og gluggum 2005 - Endurinnrétting og breytingar á útliti. Hönnuður: Per Langsøe Christensen arkitekt



“Gamla Skóbúðin”



*Verslunar og íbúðarhús Bjarna Benediktssonar á Húsavík  
Verslunarhúsið “Bjarnabúð” til vinstri og íbúðarhúsið “Bjarnahús”  
til hægri.*

### *Ágrip úr sögu hússins:*

Timbur í húsið kom tilhöggvið frá Noregi í sömu ferð og timbrið sem notað var við byggingu Húsavíkurkirkju árið 1907. Einnig var Bjarnahús, sem stendur andspænis Skóbúðinni við Garðarsbraut, reist á sama tíma en það var teiknað af Rögnvaldi Ólafssyni byggingameistara. Faðir Bjarna Benediktssonar, sem byggði húsið, Benedikt Kristjánsson prófastur á Grenjaðarstað lagði fé til byggingarinnar og voru hann og kona hans skráð til heimilis í húsinu frá 1907 enda var hann þá að hætta prestsskap. Séra Benedikt sá um tíma um pósthjónustu sem hafði aðstöðu í húsinu og voru þar einnig herbergi í tengslum við Hótel Ásbyrgi sem rekið var í Bjarnahúsi. Árið 1949 kviknaði í kjallara hússins. Jónas Jónasson kaupmaður keypti fasteignina 1955 og rak þar síðan “Skóbúð Húsavíkur” en íbúðir voru á lofti og í kjallara. Húsavíkurkaupstaður keypti húsið 1972 þar sem talið var að það þyrfti að víkja vegna vegagerðar og var það leigt út til ýmiskonar reksturs og þjónustu.<sup>25</sup> Til dæmis var þar rekin hárgreiðslustofa og fataverslun. Frá árinu 2000 hefur húsið verið endurinnrétt af nýjum eigendum, gerðar breytingar á útliti þess og því breytt í 2 íbúðir. Ein íbúð er á jarðhæð og risi og önnur í suðurhluta jarðhæðar, geymslur eru í kjallara. Þegar Egill Jónasson skáld með meiru bjó í íbúð í kjallara hússins gaf hann honum nafnið “Undirheimar”.

25) Karl Kristjánsson - *Saga Húsavíkur bindi I bls. 138*



*Garðarsbraut 12 og 11*



*Mynd tekin fyrir utan húsið árið 1935*



*Mynd tekin árið 1975  
Ljósmyndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*



*Árið 1949 kviknaði í kjallara Bjarnabúðar*

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

Húsið er fallegur fulltrúi síns tíma og myndar heild með Bjarnahúsi sem sem stendur andspænis því við Garðarsbraut og Húsavíkurkirkju sem reist var sama ár. Bjarnahús og Húsavíkurkirkja voru teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni byggingameistara.

Útliti hússins hefur verið breytt töluvert síðustu ár samhliða viðhaldi.

### *Menningarsögulegt gildi:*

Ýmis verslun og þjónusta hefur verið í húsinu til dæmis pósthús. Einnig er það ásamt Húsavíkurkirkju og Bjarnahúsi minnisvarði um uppgangstíma rétt eftir aldamótin 1900.

### *Umhverfisgildi:*

Húsið skapar ásamt Bjarnarhúsi, hlið í miðjum bænum sem er mikilvægt fyrir aðalgötu bæjarins sem húsin standa við.

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

## Hvalasafnið á Húsavík - Sláturhús K.Þ.

Hafnarstétt 1

Byggingarár:	1931	
Fyrsti eigandi:	Kaupfélag Þingeyinga	
Hönnuður:	Sveinbjörn Jónsson	
Aðal byggingarefni:	Steinsteypt	
Breytingar:	2001 - Endurinnréttingar	Hönnuður: Landvist e.h.f.



### Ágrip úr sögu hússins:

Byggingarár hússins er talið vera 1931. Árið 1933 var frystiklefum bætt við frystihúsið og komið fyrir hraðfrystitækjum. Árið 1952 var byggður nýr vélasalur við frystihúsið og fleiri endurbætur gerðar þar. Þar sem sú viðbygging var reist í austurenda sláturhússins, stóð áður húsið Neðri-Fjalar. Um 290 geymsluhólfum til útleigu var komið fyrir í frystihólfinu árið 1953. Hluti þessara hólfra er enn til útleigu. Síðast var slátrað í húsinu árið 1971 en þá var starfsemi sláturhúss Kaupfélags Þingeyinga flutt í nýja byggingu við sjávarbakkann sunnan Þorvaldsstaðaár.<sup>26</sup>

26) Karl Kristjánsson - Saga Húsavíkur bindi I bls. 301

Eftirfarandi byggingarlýsing fannst við endurbætur á húsinu og var hún afhent við opnun Hvalasafnsins þegar það hóf starfsemi í húsinu árið 2002:

*Bráðabirgðarlýsing  
að slátrunar og frystihúsi fyrir Kaupfélag Þingeyinga*

I. Frystihúsið:

1. Undirstöður allar og gólf skulu steptar ur sterkri steypu og lokræsa vandlega í kringum húsið til að verja það fyrir neðanjarðarvatni.
2. Útveggir skulu allir steptir ur sterkri steypu og svo sléttir að utan að ekki þurfi nema kústa þá ur sementsvatni.
3. Öðru megin við alla útveggi og skilveggi skal fódrað með 20 sm þykku reiðingatorfi og innan við það þyljað með 1" plægðum borðum.
4. Allt gólf I. hæðar skal gert tvöfalt þannig að á þúkklagi er stept vel þétt steypulag, þá lagður tjörupappi á ný og svo stept 10 sm. Þykt vatnshelt og járnþent lag. Gólfinu halli að tveim gólf svelgjum í fordyri.
5. Loft yfir I. hæð skal stept og járnþent. Neðan við það skal fódrað með 20 sm. þykku reiðingar torfi og þylja þar neðan við með 1" pl. borðum.
6. Loft yfir II. hæð skal gert ur tré. Fódrað milli bita með 20 sm reiðingatorfi og þyljað ofan og neðan á þá með 1" pl. borðum.
7. Sperrur og þakstóll skal smíðast ur tré og klæða á langbönd með Eternit-bylgjuplötum.
8. Allar hurðir gerast sem venjulegar frystihúshurðir, tvöfaldar ur 1" pl. borðum og stoppaðar með sagi.
9. Húsið verður raflýst frá rafstöð bæjarins. Í því verður nægilegt vatn til hvers sem er og góð fráræsla til sjávar.
10. Notkun hússins er hugsuð þannig að két-frystingin verði á II. hæð og verða op á gólfinu, með þéttum hlerum fyrir, til þess að láta ketið niður um í geymsluklefana á I. hæð. En I. hæð er þó aðallega ætluð fyrir síldarfrystingu.

II. Slátruhúsið:

Byggingu þess verður hagað í öllum aðalatriðum eins og frystihússins, nema að öllu tróði og innanþyljum sleppt. Gólf neðri hæðar er einnig tvöfalt steypugólf. Skilveggir á neðri hæð skulu vera þannig að brjóta megi þá niður hvenær sem er. Austan við húsið (við bakhlið) er hugsuð fjárskýli og hestarétt. En norðan við bygginguna er svo breið spilda að snúa megi þar bifreiðum og heppilegast að geyma þar ket-tunnur, og annað sem helst á að vera í skjóli fyrir sól.

Akureyri 23. Júlí 1930  
Sveinbjörn Jónsson.

## Varðveislumat

*Byggingarlist:*

Burðarkerfi hússins er sérstaklega áhugavert og vel varðveitt.

*Menningarsögulegt gildi:*

Húsið tengist atvinnusögu Húsavíkur og er eitt af þeim húsum sem reist voru af Kaupfélagi Þingeyinga undir starfsemi sína og enn standa.

*Umhverfisgildi:*

Húsið stendur við götuna Hafnarstétt og myndar þar ákveðna heild ásamt öðrum húsum. Einnig afmarkar húsið skjólgott bakrými ásamt hinum fjórum húsunum sem Kaupfélag Þingeyinga notaði undir starfsemi sína og enn standa á sama reitnum.

*Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegrar, menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

## Salthús - Langaneshús

Hafnarstétt 3

*Byggingarár:* 1929  
*Fyrsti eigandi:* Kaupfélag Þingeyinga  
*Hönnuður:*  
*Aðal byggingarefni:* Timbur  
*Breytingar:* 2000 - Endurbætur Hönnuður: Opus teikni- og verkfræðistofa ehf.



### Ágrip úr sögu hússins:

Húsið var byggt vegna umsvifa Kaupfélags Þingeyinga í útgerð og var notað sem fiskverkunarhús. Húsið var byggt nálægt bryggju K.Þ sem byggð var á árunum 1911-1913 en er nú horfin. Húsið var kallað Fiskhús Kaupfélags Þingeyinga enda lögðu sjómenn inn fisk sinn þar sem hann var verkaður og saltaður. Á sjöunda áratugnum rak K.Þ. síldarsöltun í húsinu og á planinu fyrir utan með útgerð Flóka h.f. undir nafninu Saltvík og hefur það nafn loðað við húsið síðan.<sup>27</sup>

Eftir 1967 þegar síldin hvarf var húsið notað undir ýmsa starfsemi til dæmis fóðurstöð en K.Þ. framleiddi loðdýrafóður á níunda og tíunda áratugnum. Húsið var einnig nýtt í sláturtíðinni til að salta gærur. Litlir skúrar voru byggðir við húsið að austanverðu og voru þar sviðnir kindahausar um árabil. Árið 1999 keypti útgerðarfélagið Langanes húsið af Kaupfélagi Þingeyinga og endurgerði það. Síðan útgerðarstarfsemi fyrirtækisins var hætt hefur húsnæðið verið leigt út sem skrifstofu og verslunarhúsnæði.

27) Karl Kristjánsson - *Saga Húsavíkur bindi I bls. 138*



*Fiskhús K.Þ - Saltvík. Sviðaskúrar austan við húsið - Ljósmynd tekin á níunda áratugnum.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*



*Unnið að endurbótum á húsinu í kringum árið 2000.  
Húsið er úr timbri nema vesturhliðin sem snýr að sjónum en hún er steipt.  
Ljósmyndari: Hafþór Hreiðarsson*

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

### *Menningarsögulegt gildi:*

Húsið tengist atvinnusögu Húsavíkur og er eitt af þeim húsum sem reist voru af Kaupfélagi Þingeyinga undir starfsemi sína og enn standa.

### *Umhverfisgildi:*

Húsið stendur við götuna Hafnarstétt og myndar þar ákveðna heild ásamt öðrum húsum. Einnig afmarkar húsið skjólgott bakrými ásamt hinum fjórum húsunum sem Kaupfélag Þingeyinga notaði undir starfsemi sína og enn standa á sama reitnum.

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)



*Ljósmynd af miðhafnarsvæðin tekin árið 1986. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

### Sjóhús 1 (syðsti skúr)

Hafnarstétt 5

Byggingarár: 1960

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Aðal byggingarefni: Timbur



### Sjóhús 2 (miðju skúr)

Hafnarstétt 5

Byggingarár: 1950

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Aðal byggingarefni: Timbur



### Sjóhús 3 (nyrsti skúr)

Hafnarstétt 5

Byggingarár: 1960

Fyrsti eigandi:

Hönnuður:

Aðal byggingarefni: Timbur



#### Ágrip úr sögu húsanna:

Sjóhús 1 (syðsti skúr) hefur staðið á þremur stöðum á hafnarstéttinni. Upphaflega stóð hann þar sem húsið Svartibakki er í dag en var svo fluttur að skúraþyrpingu við slippinn norðar á hafnarsvæðinu áður en hann var fluttur þangað sem hann stendur í dag. Nyrsti skúrinn (Sjóhús 3) stóð áður framan við núverandi Gamla Bauk. Sjóhús 2 var viðbygging við hús sem nú er horfið af hafnarstéttinni. (Sjá kort 3 bls.11 - lið 9.) Það hús var flutt til Húsavíkur frá Flatey á Skjálfanda en þangað hafði það komið tilsniðið frá Noregi og var sett saman eftir númerum. Eftir að það hafði verið flutt til Húsavíkur var reist við það lítil viðbygging sem stóð eftir þegar húsið var flutt í Reykjahverfi þar sem það stendur nú. Þessi viðbygging er núna miðjuskúrinn í þyrpingu þessara þriggja sjóhúsa.<sup>28</sup>

28) Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga og ýmsar munnlegar heimildir



*Þetta er núverandi nyrsti skúri í röð þriggja skúra á hafnarstétt (mynd tekin á 9. áratugnum). Þarna er hann staðsettur suðaustar á hafnarstéttinni.*



*Þetta er núverandi syðsti skúr í röð þriggja skúra á hafnarstétt (mynd tekin á 9. áratugnum). Þarna er hann staðsettur þar sem Svartibakki stendur í dag.*



*Skúrin sem er nær, til hægri á myndinni er núverandi "nyrsti skúr". Þarna stendur hann frammar og sunnar en hann er staðstettur í dag. Til vinstri á myndinni sést núverandi "miðjuskúr". Þarna er hann ennþá viðbygging við hús sem síðar var flutt í Reykjahverfi en viðbyggingin stóð eftir. Ljósmyndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

## Varðveislumat

### *Menningarsögulegt gildi:*

Húsin eru einu byggingarnar sem ennþá standa sem minnisvarðarnir um byggingarhefð á hafnarbakkanum þar sem reistir voru skúrir eftir hentugleika og þörfum fyrir starfsemi tengda sjávarútvegi og landbúnaði en sviðaskúrar voru algengir við hlið beituskúra og veiðarfærageymsla. Saga skúranna er lýsandi fyrir nýtni og notkun bygginga á svæðinu áður fyrr. Nyrsti og syðsti skúrin stóðu áður annarsstaðar á hafnarstéttinni, áður en þau voru flutt á núverandi stað, en miðjuskúrin er fyrrverandi viðbygging við hús sem flutt var í burtu og stóð viðbyggingin þá eftir.

### *Umhverfisgildi:*

Húsin standa við götuna Hafnarstétt og mynda þar ákveðna heild ásamt öðrum húsum.

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsin verði vernduð með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þeirra, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

Einnig eru húsin hluti húsaraðar við Hafnarstétt sem lagt er til að verði vernduð með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með gulum lit á Húsverndarkorti

## Gamli Baukur - Skipasmíðastöðin

Hafnarstétt 9

Byggingarár:	1998
Fyrsti eigandi:	Norðursigling e.h.f.
Hönnuður:	Reynir Adamsson arkitekt
Aðal byggingarefni:	Timbur
Breytingar:	1999 - Viðbygging Hönnuður: Reynir Adamsson arkitekt



### Varðveislumat

#### Umhverfsgildi:

Húsið stendur við götuna Hafnarstétt og myndar þar ákveðna heild ásamt öðrum húsum auk þess að styðja við götumynd Hafnarstéttar.

#### Niðurstaða varðveislumats:

Lagt er til að húsaröð við Hafnarstétt og nágrenni hennar verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með gulum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)



#### “Gamli Baukur”

Hið nýja hús Gamli Baukur er reist í mynd hins upprunalega Gamla Bauks sem var byggður árið 1843 sem sýslumannssetur en varð seinna vertshús sem stóð við Búðarárgil.<sup>29</sup>

Hann var síðar fluttur niður á hafnarstétt nálægt þeim stað þar sem hið nýja hús stendur í dag. Þar var gamla húsið nýtt sem sjóhús, veiðarfærageymsla og aðstaða tengd sjósókn þangað til það eyðilagðist í bruna árið 1960. Myndin er tekin uppúr 1950.

Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga

29) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - Saga Húsavíkur bindi IV bls. 200

## Helguskúr

Hafnarstétt 15

*Byggingarár:* 1958  
*Fyrsti eigandi:* Hreifi h.f.  
*Hönnuður:*  
*Aðal byggingarefni:* Timbur  
*Breytingar:* U.þ.b. 1980 - Ný klæðning



*Ágrip úr sögu hússins:*

Starfsemi í húsinu hefur verið tengd sjávarútvegi og þar er nú vísir að sjávarútvegssafni sem er opið fyrir heima- og ferðamenn.

## Varðveislumat

*Umhverfisgildi:*

Húsið stendur við götuna Hafnarstétt og myndar þar ákveðna heild ásamt öðrum húsum

*Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsaröð við Hafnarstétt og nágrenni hennar verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með gulum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

## Flókahús

Hafnarstétt 13

*Byggingarár:* 1958  
*Fyrsti eigandi:* Flóki h.f.  
*Hönnuður:*  
*Aðal byggingarefni:* Timbur

*Ágrip úr sögu hússins:*

Starfsemi í húsinu hefur verið tengd sjávarútvegi. En það nýtist nú sem geymsla og verslun í tengslum við ferðamennsku.



## Varðveislumat

*Umhverfisgildi:*

Húsið stendur við götuna Hafnarstétt og myndar þar ákveðna heild ásamt öðrum húsum

*Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsaröð við Hafnarstétt og nágrenni hennar verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með gulum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

## Naust

Hafnarstétt 7

*Byggingarár:* 1951  
*Fyrsti eigandi:* Útgerðarfélagið Vísir h.f.  
*Hönnuður:*  
*Aðal byggingarefni:* Steinsteipt  
*Breytingar:* u.þ.b. 1980 var húsið klætt



## Vigtarskúr

Hafnarstétt 35

*Byggingarár:* 1996  
*Fyrsti eigandi:* Húsavíkurkaupstaður  
*Hönnuður:* Gaukur Hjartarson  
Tækniþjónustan h.f.  
*Aðal byggingarefni:* Timbur



*Gamli vigtarskúrin, forveri hins nýja, mynd tekin á níunda áratugnum.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

## Skuld

Hafnarstétt 11

*Byggingarár:* 1920  
*Fyrsti eigandi:* Guðný Friðbjarnardóttir og Páll Jónsson  
*Hönnuður:*  
*Aðal byggingarefni:* Timbur  
*Breytingar:* 2005 - Flutningur og endurbætur

### Ágrip úr sögu hússins:


Húsið Skuld var byggt af hjónunum Guðnýju Friðbjarnardóttir og Páli Jónssyni, smið frá Haga. Húsið var byggt á grunni “Sjávarborgar”, sem Steinólfur Eyjólfsson Geirdal reisti og var notað til ýmiss konar atvinnureksturs. Húsið var upphaflega ein hæð, kjallari og loft með risi og stóð á bakkanum þar sem nú er Mararbraut.<sup>30</sup>

Húsið var seinna fært, yfir götuna og stóð þá við Mararbraut 2. Húsavíkurbær keypti Skuld á níunda áratugnum þar sem húsið átti að víkja fyrir vegaframkvæmdum. Árið 2005 voru áætlanir um að rífa húsið en hvalaskoðunarfyrirtækið Norðursigling keypti húsið og lét færa það á núverandi stað, ofan á þak byggingarinnar Svartabakka. Gerðar hafa verið töluverðar breytingar á húsinu í efnisvali, breytingum á gluggum og innréttingum. Í dag er rekin kaffisala og minjagripaverslun í húsinu.



*Skuld, staðsett á Mararbraut 2.  
Ljósmynd tekin árið 1992.  
Ljósmyndari Helgi Hafliðason.*

30) Karl Kristjánsson - *Saga Húsavíkur bindi I* bls. 164



*Hafnarstétt í kringum 1950 - Efst fyrir miðri mynd má sjá upphaflega staðsetningu Skuldar. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

#### *Umhverfisgildi:*

Húsið er mikilvægur hluti af bæjarmyndinni og myndar ákveðna heild ásamt öðrum húsum við Hafnarstétt.

#### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið og umhverfi þess verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

Einnig er húsið hluti húsaráðar við Hafnarstétt og nágrenni sem lagt er til að verði vernduð með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með gulum lit á Húsverndarkorti

## Svartibakki

Hafnarstétt 11

Byggingarár: 2005  
Fyrsti eigandi: Norðursigling ehf.  
Hönnuður:

Aðal byggingarefni: Steinsteyp



## Verbúðir

Hafnarstétt 17

Byggingarár: 1965  
Fyrsti eigandi: Hafnarsjóður Húsavíkur  
Hönnuður: Þorvaldur Kristmundsson og Friðgeir Axfjörð

Aðal byggingarefni: Steinsteypa



### Ágrip úr sögu hússins:

Árið 1963 fékk Húsavíkurhöfn viðurkenninguna lögleg viðleguhöfn og fékkst þá styrkur til verbúðabyggingar en lögildingin var forsenda fyrir þeirri styrkveitingu. Verbúðir við höfnina höfðu hingað til verið staðsettar í gömlum skúrum víðsvegar á hafnarsvæðinu sem fækkaði töluvert við þetta. 1964 var samþykkt að reisa 14 verbúðir eftir teikningum Þorvalds Kristmundssonar og Friðgeirs Axfjörð. Byggjandi og eigandi hússins var Hafnarsjóður Húsavíkur og Árið 1965 voru fjórar stórar og átta minni verbúðir fullgerðar í hinni nýju byggingu auk þriggja frystiklefa sem leigjendur höfðu til afnota. Kostnaður við byggingu verbúðarinnar var í kringum fjórar milljónir.<sup>31</sup> Hafnarvörður hafði aðstöðu í húsinu um tíma. Hvalasafnið á Húsavík hóf starfsemi sína í tveimur af stóru verbúðunum og í dag eru þær leigðar út til ýmissa aðila tengdum sjómennsku, ferðamennsku og iðnaði. Einnig hafa verið haldnir listviðburðir í húsinu.

31) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi II bls. 98*



## Varðveislumat

### *Umhverfsgildi:*

Húsið skapar mikilvæg rými á þrjá vegu. Þak hússins er aðgengilegt frá Garðarsbraut, aðalgötu bæjarins en einnig er hægt að ganga gegnum yfirbyggðar þaksvalir fyrir framan verbúðir á 2. hæð. Að lokum myndar byggingin sjálf sund eða göturými ásamt húsaröðinni við Hafnarstétt. Sérstakt er að verbúðir séu byggðar á tveimur hæðum.

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsaröð við Hafnarstétt og nágrenni hennar verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með gulum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)

## Fosshús

Hafnarstétt 19

*Byggingarár:* 1942  
*Fyrsti eigandi:* Árni Jónsson  
*Hönnuður:*

*Aðal byggingarefni:* Steinsteypa



### *Ágrip úr sögu hússins:*

Í húsinu var upphaflega vélsmiðja og verslun. Húsið hefur verið notað sem geymsla, verkstæði og fiskverslun, einnig sem beitningaskúr og fiskeldi en í dag er þar verkstæði og geymsla fyrir hvalaskoðunarfyrrtæki.

## Uggahús

Hafnarstétt 19

*Byggingarár:* 1949  
*Fyrsti eigandi:* Uggi hf.  
*Hönnuður:*

*Aðal byggingarefni:* Timbur  
1986 - breyting á  
þakformi-húsið klætt



### Ágrip úr sögu hússins:

Þegar Uggahúsið var í byggingu árið 1949 strandaði kolaskip frá Bergen í Noregi í Húsavíkurhöfn. Skipið hét Fulton og slitnaði frá bryggju í óveðri og rak upp í fjöru milli hafnarbryggjunnar og gömlu Kaupfélagsbryggjunnar. Löndunarbryggja úr timbri hafði verið byggð að skipinu og liðaðist hún í sundur. Timbur hennar var notað í gólf og vegg 2. hæðar Uggahússins.<sup>32</sup>



*Síldarsöltun fyrir framan fiskvinnsluhús Ugga h.f. í kringum 1950.*

## Barðinn

Hafnarstétt 21

*Byggingarár:* 1946  
*Fyrsti eigandi:* Barðinn h.f.  
*Hönnuður:*  
*Aðal byggingarefni:* Steinsteypa



*Saltað á hafnarstétt í kringum 1950. Myndin sýnir mörg hús sem nú eru horfin eins og Bjarg, Gamla Bauk, Efri-Fjalar, Hótel Húsavík, verslun Kristins Jónssonar og bragga sem bretar skildu eftir í lok stríðs. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

# Fiskiðjusamlag Húsavíkur

Hafnarstétt 25-31


*Byggingarár:* 1951  
*Fyrsti eigandi:* Fiskiðjusamlag Húsavíkur  
*Hönnuður:* Gísli Halldórsson arkitekt  
*Aðal byggingarefni:* Steinsteypa  
*Breytingar:* 1963 - Viðbygging 4 hæðir. Hönnuður: Sigvaldi Thordarson arkitekt  
1973 - Viðbygging  
1986 - Viðbygging  
2005 - 3. hæð breytt í íbúð. Hönnuður: Ágúst Hafsteinsson arkitekt



2011



Ljósmynd tekin árið 1986



Ljósmynd tekin á tímabilinu 1945-50  
Ljósmyndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.



Ljósmynd tekin árið 1986

### *Ágrip af sögu hússins:*

Þegar leið á fimmta áratuginn var orðið ljóst að ekki var til góð aðstaða til að frysta fisk á Húsavík. Á fundi í Samvinnufélagi sjómanna og útgerðarmanna var samþykkt að skora á hreppsnefnd og K.Þ. að standa fyrir byggingu hraðfrystihúss, en ljóst var að félagið sjálft hafði ekki bolmagn til að standa í byggingu og rekstri hússins. Framkvæmdir hófust haustið 1947 og var því verki stjórnað af Birni Kristjánssyni. Verkið tafðist eitthvað en loks var Gísli Halldórsson arkitekt fengin til að hanna húsið. Hólmgeir Árnarson var byggingingarmeistari þess. Hamar hf. í Reykjavík sá um og útvegaði frystikerfi og vélar og hófst vinnsla í húsinu vorið 1951. Vegna aukinna umsvifa keypti félagið tvö nálæg hús árin 1950 og 1956 fyrir saltfiskverkun. Árið 1963 var ákveðið að byggja eina hæð ofan á annað þeirra og lifrarbræðsluhúsið auk fjögurra hæða nýbyggingar á milli bræðslunnar og frystihússins. Sigvaldi Thordarson teiknaði nýbygginguna. Framkvæmdir hófust um sumarið 1963 og var henni lokið í kringum áramótin 1966. Í nýbyggingunni var móttaka og slægingarsalur á 1. hæð. Á 2. hæð var vinnslusalur, á 3. hæð var fiskbúð en gengið var inní hana frá götunni, einnig voru á þeirri hæð kaffistofa og búningsherbergi starfsfólks. Á 4. hæð voru skrifstofur en um tíma stóð til að gera þar íbúð. Árið 2002 eignast Vísir hf. meirihluta í Fiskiðjusamlagi Húsavíkur. Þar sem mikið af erlendu starfsfólki starfar fyrir fyrirtækið var 4. hæð hússins breytt í fjórar íbúðir árið 2005 sem hafa einnig verið leigðar til ferðamanna á sumrin. Aðrar breytingar á húsnæðinu hafa að mestu leiti orðið í tengslum við þróun og breytingar í vinnslu og tækjakosti.<sup>33</sup>

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

Hluti húsanna voru hönnuð af merkjum arkitektum, þeim Gísla Halldórssyni og Sigvalda Thordarsyni. Húsin eru nú töluvert breytt og því höfundareinkenni ekki augljós.

### *Menningarsögulegt gildi:*

### *Umhverfisgildi:*

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Ekki er gerð tillaga um sérstök verndunarákvæði.

33) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi IV bls. 169-196*

## Síldarverksmiðjan

Hafnarstétt 33

<i>Byggingarár:</i>	1937
<i>Fyrsti eigandi:</i>	Hlutafélag um rekstur verksmiðjunnar m.a. Húsavíkurhreppur
<i>Hönnuður:</i>	
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa
<i>Breytingar:</i>	1957 - Endurbætur á verksmiðju vegna brunatjóns 1960 - Verksmiðjan stækkuð 1962 - Viðbygging 1967 - Atvinnuhúsnæði innréttað 1987 - Endurbætur



### *Saga hússins:*

Á hreppsnefndarfundum 1936 var ákveðið að hefja undirbúning að byggingu síldarverksmiðju á Húsavík. Rök fyrir þeirri framkvæmd voru þau að nauðsynlegt væri að rétta af útgerð á Húsavík, sem orðið hafði fyrir skaða í stórbrimi árið 1934, og auka umsvif bænda yfir sumartímam auk þess sem fóðurbætiskaup yrðu þá ódýrari í héraðinu. Einnig þótti mikilvægt að auka umferð um nýju höfnina sem verið var að reisa til að greiða af henni skuldir. Varðandi rekstrarform var litið til verksmiðja á Djúpuvík og Dagverðareyri sem höfðu þá nýlega verið reistar.

Nokkrar hugmyndir komu fram um staðsetningu verksmiðjunnarinnar, bæði norðan og sunnan við frystihús Kaupfélagsins en þar sem nýta þurfti þessi svæði fyrir vaxandi síldarútgerð og vinnslu var ákveðið að byggja verksmiðjuna á fyllingunni sunnan við nýju bryggjuna og í tengslum við hana í júní 1937. Húsið var steinsteipt en síldarþróin úr timbri var á steiptum grunni. Eimþurrka átti mjölið og lýsið var síað, allar vélar voru af nýjustu gerð. Verksmiðjan var tekin í notkun árið 1938, hún þótti ekki afkastamikil og náði ekki að skila uppgefnum afköstum á sólahring sem voru 400 mál. Síldarverksmiðjur ríkisins eignuðust verksmiðjuna og skuldbundu sig til að stækka verksmiðjuna og byggja upp á Húsavíkurhöfða þar sem reisa átti nýjan hafnargarð. Síldin færði sig austar og verksmiðjan reis aldrei á Höfðanum, þar sem Síldarverksmiðjur ríkisins lögðu áherslu á uppbyggingu á Raufarhöfn og Seyðsfirði. Á starfstíma verksmiðjunnar voru gerðar ýmsar endurbætur en þó var vélarkosturinn óbreyttur til 1951. Þá var sett olíukynding í ketil verksmiðjunnar og gufupurrkarinn tekinn í burtu en olíukynntur þurrkari settur í staðinn, kolakýnt gufuvél var fjarlægð og öll tæki knúin með rafmagni. Nokkrar skemmdir urðu á verksmiðjunni í eldi árið 1956. Árið 1957 var brunatjónið lagað og afköst verksmiðjunnar um leið aukin úr 350 málum á sólahring í 650 mál. Árið 1960 var byggð 550 tonna mjölskemma og settur upp lýsistankur er tók 250 tonn og tveimur árum síðar voru steiptar nýjar síldarþrær sem tóku 6000

mál. Einnig var verksmiðjuhúsið stækkað um tuttugu fermetra til norðurs í gömlu síldarþróna og byggður annar 250 tonna lýsisgeymir. Þá var allur vélakostur endurnýjaður og afköstin aukin í um 1200 mál á sólarhring. Árið 1963 voru sett upp soðvinnslutæki. Löndun á bræðslusíld var mjög erfið á Húsavík og því ekki eftirsótt að landa þar eingöngu í bræðslu. Eftir 1965 dró úr veiði á síld á hefðbundnum slóðum og síldarævintýrinu lauk haustið 1967. Verksmiðjunni var nú breytt í beinaverksmiðju. Beinamjölsvinnslan var vaxandi framan af og náði hámarki árin 1977-1980 en þá var tekið við um 4000 tonnum af fiskúrgangi á ári. Eftir það dró úr vinnslunni vegna samdráttar í afla. Árið 1979-1982 voru gerðar talsverðar endurbætur á verksmiðjunni vegna hinnar auknu beinamjölsvinnslu. Voru innveggir í síldarþrónum brotnir niður, steipt í gólfið og það sléttað. Við þetta stækkaði hráefnisþró verksmiðjunnar svo að hægt var að koma þar fyrir lítilli vélskóflu til að mata verksmiðjuna, en áður hafði öllum beinum og slógi verið handmokað. Jafnframt voru gömul og úrelt tæki tekin í burtu til að skapa aukið rými í verksmiðjunni fyrir ný tæki. Vegna aukinnar samkeppni var framleiðslu á beinamjöli hætt árið 1987. Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf. keypti húsnæðið og breytti því í samræmi við starfsemi fyrirtækisins til dæmis var hluti rækjuvinnslu þess í húsinu árið 2001.<sup>34</sup>

Síðustu ár hefur húsið verið í eigu Vísis hf. og hefur það verið notað sem geymsla og verkstæði. Árið 2011 komu fram áform um að nýta húsið fyrir menningartengda starfsemi.




Ljósmynd tekin sumarið 2011 - Viðbygging við síldarverksmiðjuna hefur verið máluð í litum Garðarshólmaverkefnisins.

34) Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson - *Saga Húsavíkur bindi IV bls. 159-168*



*Síldarverksmiðjan og Skuldarsneiðingurinn við Búðarárgil  
Myndin er tekin á árunum 1940-1950  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*



*Síldarverksmiðjan og  
Fiskiðjusamlag Húsavíkur 2011*



*Tvennir tímar, árið 1987 og í kringum 1950 þegar unnið var að bræðslu síldar.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.*

## Varðveislumat

### *Byggingarlist:*

Húsið ber þess ennþá merki að hafa verið síldarbræðsla þó gerðar hafi verið miklar breytingar á því.

### *Menningarsögulegt gildi:*

Húsið er mikilvægur minnisvarði um atvinnusögu Húsavíkur

### *Umhverfisgildi:*

### *Niðurstaða varðveislumats:*

Lagt er til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna menningarsögulegrar og umhverfislegrar sérstöðu þess, auðkennt með rauðum lit á Húsverndarkorti (sjá kort 4 - bls. 15)



### 3. Heimildaskrá

#### *Prentaðar heimildir:*

Karl Kristjánsson: *Saga Húsavíkur I. bindi.*

Útgefandi: Húsavíkurkaupstaður - Reykjavík 1981

Björn Helgi Jónsson og Sæmundur Rögnvaldsson: *Saga Húsavíkur II. og IV. Bindi*

Útgefandi Húsavíkurkaupsstaður 1998 - Akureyri 1998

Þór Indriðason: *Fyrir neðan bakka og ofan - Saga verkalýðshreyfingar, atvinnulíf og stjórn mála á Húsavík 1885-1985. I. og II. bindi.*

Útgefandi Verkalýðsfélag Húsavíkur - Akureyri 1996

Andrés Kristjánsson: *Aldarsaga Kaupfélags Þingeyinga 1882- 20. Febrúar 1982.*

Útgefandi: Kaupfélag Þingeyinga - Reykjavík 1982

Hörður Ágústsson: *Íslensk byggingararfleifð I - Ágrip af húsagerðarsögu 1750-1940*

Útgefandi: Húsafriðunarnefnd - Reykjavík 1998

#### *Óprentaðar heimildir:*

Eignaskrá - Sýslumaðurinn á Húsavík

Byggingarnefndarteikningar húsa á miðhafnarsvæðinu - Skipulags- og byggingarfulltrúi Norðurþings.

#### *Vefsíður:*

Vefur húsafriðunarnefndar: <http://www.husafriidun.is/husaskra/> (12.12.2011)

Vefur Norðurþings: <http://www.nordurthing.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/skipulagsmal> (04.1.2011)

#### *Viðmælendur:*

Sigurjón Jóhannesson

Þorgeir Björn Hlöðversson

Ívar Júlíusson

## 4. Myndaskrá

- Forsíða.* Ljósmynd af miðhafnarsvæðinu tekin árið 2010.  
Ljósmyndari: Hafþór Hreiðarsson
- Bls. 2* Kort 1: Húsavíkurhöfn - afmörkun svæðis. Kort fengið úr kortagrunni Norðurþings <http://www.loftmyndir.is/k/kortasja.asp?client=nordurthing>
- Bls. 6* Kort 2: Gildandi deiliskipulag - nóvember 2011 - Nýtt deiliskipulag er í vinnslu. Vefur Norðurþings: <http://www.nordurthing.is/is/thjonusta/skipulags-og-byggingarmal/skipulagsmal> (04.1.2011)
- Bls. 7* Húsavíkurhöfn árið 1747 - Höfundur ókunnugur. Skönnuð mynd úr safni Safnahússins á Húsavík (E-1155-5)
- Bls. 8* Ljósmynd af teikningu. Húsavík árið 1836. Búðargil. Höfðanef t.h. seglskip á víkinni. Lausabryggja notuð á sumrin. Krani t.h. sem auðveldaði mönnum að draga vörur upp bakkann. Kvarnhús t.v. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 9* Hafin smíði hafskipabryggju. Vinstra megin er tréfallabryggja á körum, eign Guðjohnsens. Tannhjólavinda dró vagna eftir járnspori frá bryggju og upp á sjávarbakkann. Ljósmynd tekin 1934.
- Ljósmynd tekin 1934, þar sem sjór brýtur á bryggju K.Þ. Til hægri sést í Fiskhús K.Þ. seinna kallað Saltvík. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls.10* Miðhafnarsvæði séð frá bakkanum árið 2009 - Ljósmyndari: Hafþór Hreiðarsson.
- Bls. 11* Myndir teknar á níunda áratugnum sem sýna skúraþyrpingar á hafnarstéttinni og rýmin sem myndast í kringum þær. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga. Ljósmyndari óþekktur.
- Bls. 12* Kort 3: Miðhafnarsvæðið - Núverandi hús eru fyllt með gráum lit, horfin hús eru sýnd með brotalínu. Ljósbrúnir reitir eru hús sem hafa verið flutt annað.
- Bls. 13* Nokkrir af þeim skúrum sem stóðu á hafnarstéttinni en eru nú horfnir. Ljósmynd tekin á 9. áratugnum. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 14* *Húsavík fyrir aldamótin 1900. Myndin tekin utan af Beinabakka. Húsin á bakkanum frá vinstri: Bærinn Naust, Jaðar (1883-1885), Pakkhús (1886), Íshúsið (1896), Faktorshús (1880), verslunarhús Örum & Wulff (að hluta til frá því um 1800 en þau brunnu aðfararnótt 26. nóv. 1902). Ljósmyndari Eiríkur Þorbergsson.*

*Bls. 14* Séð upp Naustagil á Húsavík. Fiskverkunarhús Páls Kristjánssonar kaupmanns næst t.h. Til vinstri eru línuskúrar. Ofar frá vinstri: Hliðskjálfr, Móberg, Pálshús, Formannshús. Ljósmyndari: Víkurblaðið. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

*Bls. 15* Kort 4: Húsverndarkort

Nýjar myndir án texta í Húsaskrá, eru allar teknar af Arnhildi Pálmadóttur haustið 2011

*Bls. 18* 70 ára afmælishátíð K.Þ. haldin á Húsavík sumarið 1952. Glímt á palli fyrir framan Formannshús. Ljósmyndari Eðvarð Sigurgeirsson. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

*Bls. 19* Ljósmynd tekin rétt fyrir 1940 - Þarna sést "Plássið" torg fyrir framan Jaðar og Söludeild. Fyrir miðri mynd er Hótel Húsavík sem brann árið 1970 og var rifið í kjölfarið. Lengst til vinstri er verslunarhús Kristins Jónssonar, seinna kallað Klemma. Til hægri er Bókaverslun Þórarins Stefánssonar. Í bakgrunni sjást Hallandi, Móberg og húsin við Höfðaveg.

Frá vinstri: Jaðar, Söludeild K.Þ. og Pakkhús. Í bakgrunni er verslunarhús Kaupfélags Þingeyinga. Ljósmynd tekin í kringum árið 1999 áður en vinna við endurbætur á húsunum hófst. Ljósmyndir í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

*Bls. 27* Ljósmynd tekin um 1910 - Upphaflegir gluggar á neðri hæð Söludeildar en í þeim eru 63 rúður, hvorum fyrir sig. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

*Bls. 28* Ljósmynd tekin um 1975 - Árið 1933 var Söludeildin endurinnréttuð í takt við nútíma verslunarhætti. Í tengslum við þær breytingar var gluggum á jarðhæð breytt svo þeir nýttust betur sem útstillingargluggar verslunarinnar. Við endurbætur árið 2000 voru gluggarnir færðir í upprunalegt form. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

*Bls. 30* Garðarsbraut 12 og 11

Mynd tekin fyrir utan húsið árið 1935

Mynd tekin árið 1975

Árið 1949 kviknaði í kjallara Bjarnabúðar  
Ljósmyndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

*Bls. 34* Fiskhús K.Þ - Saltvík. Sviðaskúrar austan við húsið - Ljósmynd tekin á níunda áratugnum. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

Unnið að endurbótum á húsinu í kringum árið 2000. Húsið er úr timbri nema vesturhliðin sem snýr að sjónum en hún er steipt. Ljósmyndari: Hafþór Hreiðarsson

- Bls. 35* Ljósmynd af miðhafnarsvæðin tekin árið 1986.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 37* Fjórar ljósmyndir af skúrbyggingum, teknar á Hafnarstétt á níunda áratugnum.  
Ljósmyndari óþekktur. Ljósmyndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 39* Gamli Baukur, ljósmynd tekin uppúr 1950. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 41* Gamli vigtarskúrin, forveri hins nýja, mynd tekin á níunda áratugnum.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 42* Skuld, staðsett á Mararbraut 2. Ljósmynd tekin árið 1992.  
Ljósmyndari Helgi Hafliðason.
- Bls. 43* Hafnarstétt í kringum 1950 - Efst fyrir miðri mynd má sjá upphaflega staðsetningu  
Skuldar. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 47* Saltað á hafnarstétt í kringum 1950. Myndin sýnir mörg hús sem nú eru horfin eins  
og Bjarg, Gamla Bauk, Efri-Fjalar, Hótel Húsavík, verslun Kristins Jónssonar og  
bragga sem bretar skildu eftir í lok stríðs.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 48* Síldarsöltun fyrir framan fiskvinnsluhús Ugga h.f. í kringum 1950.
- Bls. 49* Ljósmynd tekin árið 1986  
  
Ljósmynd tekin á tímabilinu 1945-50  
  
Ljósmynd tekin árið 1986  
Ljósmyndirnar eru í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.
- Bls. 53* Síldarverksmiðjan og Skuldarsneiðingurinn við Búðarárgil. Myndin er tekin á  
árunum 1940-1950. Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.  
  
Tvennir tímar, árið 1987 og í kringum 1950 þegar unnið var að bræðslu síldar.  
Ljósmynd í eigu Ljósmyndasafns Þingeyinga.

Húsavík 2012